

Dómarafélag Íslands  
Dómhúsinu við Lækjartorg  
Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. B 116 / 1355  
komudagur 16 / 4 1993

Reykjavík 13. apríl 1993.

Efni: Umsögn um framvarp til skaðabótalaga.


Allsherjarnefnd Alþingis hefur með bréfi dags. 4. mars 1993 sent Dómarafélagi Íslands ofangreint frumvarp til umsagnar. Stjórn félagsins hefur falið undirrituðum stjórnarmönnum að svara erindinu.


Frumvarp til skaðabótalaga var sent félaginu til umsagnar árið 1992. Það hefur nú verið lagt fram að nýju eftir að gerðar hafa verið á því nokkrar breytingar frá fyrri gerð þess. Þrátt fyrir það vísast til fyrri umsagnar félagsins dags. 13. apríl 1992. Sérstaklega er bent á hugleiðingar um nauðsyn þess að lögfesta almennar reglur á sviði skaðabótaréttar utan samninga.

Fallast má á þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu. Þó skal bent á að sú ákvörðun að fella niður 2. másl. 3. mgr. 5. gr. fyrri gerðar frumvarpsins telst síst til bóta og vísast til áður nefndrar umsagnar um rökstuðning fyrir því.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið og er þess heilshugar vænst að það verði samþykkt sem lög á yfirstandandi þingi.

Fyrir hönd stjórnar Dómarafélags Íslands

  
Steingrímur Gautur Kristjánsson

  
Valtýr Sigurðsson

Allsherjarnefnd Alþingis  
c/o Ragna Árnadóttir nefndarritari  
Alþingi við Austurvöll.